

38. gr.

*Óleyfileg notkun.*

Verði uppvíst að orka sé notuð á annan hátt en um er samið eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að öll notkun komi ekki fram skulu Rafmagnsveiturnar áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi gjalda fyrir hana allt að þreföldu verði eftir verðskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

## VII. KAFLI

**Réttarfars- og refsíákvæði.**

39. gr.

*Lögtaksréttur.*

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með lögtaki.

40. gr.

*Refsing.*

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

41. gr.

*Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

42. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af stjórn Rafmagnsveitna ríkisins er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 112/1968 um Rafmagnsveitur ríkisins, nr. 244/1977 um Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 184/1988 um Hitaveitu Hafnar og nr. 561/1981 um Hitaveitu Seyðisfjarðar.

*Iðnaðarráðuneytið, 2. apríl 1992.*

F. h. r.¹

**Björn Friðfinnsson.**


---

*Helga Jóna Benediksdóttir.*
**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið leyfi fyrir leigubíla til U-beygju við Lækjartorg – Hafnarstræti til reynslu til 1. júní nk.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. apríl 1992.*

**Böðvar Bragason.**